



Veðurstofa Íslands Greinargerð

Harpa Grímsdóttir

Byggingarár húsa á Seyðisfirði

**VÍ-G97016-ÚR12
Reykjavík
Ágúst 1997**

EFNISYFIRLIT

GREINARGERÐ UM VERKEFNIÐ	2
TILGANGUR VERKEFNIS	3
ÁGRIP AF BYGGÐASÖGU SEYÐISFIJARÐAR	3
<i>Mynd 1. Snjóflóðið á Seyðisfirði 1885</i>	4
<i>Tafla 1. Mannfjöldaþróun á Seyðisfirði</i>	5
GRUNNKORT OG HEIMILDIR	6
FRAMKVÆMD VERKEFNIS	6
<i>Tafla 2. Yfirlit um verkþætti og umfang þeirra</i>	7
VANDAMÁL SEM UPP KOMU VIÐ FRAMKVÆMDINA	8
HELSTU TAKMARKANIR BYGGINGARÁRAKORTSINS	8
<i>Mynd 2. Útihús ofan við Fjörð</i>	9
HEIMILDASKRÁ	10
VIÐAUKI 1. SNJÓFLÓÐA OG SKRIFULISTI	11
VIÐAUKI 2. ATHUGASEMDALISTI	19
KORT	
BYGGINGARÁRAKORT	28
SKÝRINGAR VIÐ BYGGINGARÁRAKORT	29
NÖFN BYGGINGA	37
HORFIN HÚS	44
SKIPTING KORTBLAÐA	51

**GREINARGERÐ UM
VERKEFNIÐ**

Tilgangur verkefnis


Markmið verkefnisins er að komast að því hvar hús eru og hafa verið á Seyðisfirði og á hvaða tímabili, það er hvenær einstök hús voru byggð, og hvenær þau hurfu af sjónarsviðinu ef þau standa ekki enn. Þessar upplýsingar eru settar fram á korti, fimm kortblöðum í mælikvarðanum 1:2500 og einu kortblaði í mælikvarðanum 1:5000. Einnig er gert kort sem sýnir hvenær einstök hverfi og bæjarhlutar byggðust upp, kort með nöfnum helstu stofnana, fyrirtækja og húsa og kort með nöfnum húsa sem ekki standa lengur.

Ágrip af byggðasögu Seyðisfjarðar

Bjólfur hét landnámsmaður Seyðisfjarðar, og er talið að bær hans hafi staðið við rætur samnefnds fjalls, um það bil þar sem nú er Fjörður. Seyðisfjörður mun hafa verið albyggður árið 1000. Frá landnámi og fram til 1800 voru aðeins sveitabæir í Seyðisfirði og sennilega hafa lengst af verið um 10–20 bújarðir í firðinum. Árið 1792 var gerð tilraun til verslunar á Hánefsstaðaeeyrum, en það stóð stutt, og það var ekki fyrir en um miðja 19. öldina að verslun hófst fyrir alvöru á Seyðisfirði. Stærstu verslunarhúsin voru Neðri búðin, Liverpool og Glasgow sem stóðu undir hlíðum Bjólfs. Þéttbýlismyndun gekk hægt í byrjun og það var fyrst upp úr 1870 að húsaþyrpingar fóru að myndast í kringum verslunarstaðina. Á þeim tíma hófust síldveiðar Norðmanna við landið og segja má að síldarárin fyrri hafi staðið með nokkrum hléum frá 1870 til aldamóta. Norðmenn höfðu þannig mikil áhrif á vöxt og viðgang Seyðisfjarðar, en á þessum tíma fjölgaði íbúum fjarðarins úr rúmlega 200 í rúmlega 1000. Einn maður öðrum fremur var áhrifaríkur í bæjarlífinu. Þessi maður hét Ottó Wathne, og flutti hann til Seyðisfjarðar árið 1880 og bjó þar til dauðadags eða til ársins 1898. Hann var mikill síldarspekúlant, en umsvif hans voru svo fjölpætt og víðfeðm að þótt síldin gæfi sig öðru hverju, ógnaði það ekki veldi hans. Ottó Wathne stóð fyrir mikilli uppbyggingu á Búðareyrinni. Hann byggði íbúðar- og síldarsöltunahús og auk þess bryggjur, bátahús, smiðju og ýmis útihús.

Þéttbýlið þróaðist þannig á síldarárunum fyrri að bærinn skiptist eiginlega í fjögur þorp; Fjarðaralda og Vestdalseyri norðan ár, en Búðareyri og Eyrar fyrir sunnan. Vestalseyrin og Eyrarnar eru í eyði nú, og eru talsverða vegalengd frá núverandi byggð. Þær eru ekki teknar fyrir í þessu verkefni. Á Fjarðaröldinni og Búðareyrinni eru hins vegar ennþá í notkun mörg hús frá þessum tíma. Hið mikla snjóflóð sem féll árið 1885 eyðilagði 14 hús og tók 24 mannlíf. Þessi atburður dró tímabundið úr annars blómlegum vexti bæjarins. Mynd 1 sýnir staðsetningu húsanna sem lentu í snjóflóðinu. Hún er fengin úr grein Haraldar Guðmundssonar frá Firði, sem birtist í Tímanum 21. des. 1989.

Mynd 1




Í byrjun 20. aldarinnar hvarf síldin í bili, en í stað hennar voru komnir traustari atvinnuvegir. Þorskeiðar og saltfiskverkun var stunduð, en Seyðisfjörður var fyrst og fremst verslunar- og þjónustubær fyrir nágrannabyggðir og alþjóðlegan fiskiflota, sem stundaði veiðar undan Austfjörðum. Árið 1922 voru sett lög á Alþingi sem bönnuðu öll viðskipti við erlend fiskiskip, og það dró verulega máttinn úr kaupstaðnum. Þegar heimskreppan brast á 1930 urðu mörg fyrirtæki gjaldþrota. Þetta hafði áhrif á byggingarstílinn og í stað hinna efnismiklu innfluttu timburhúsa, sem höfðu verið ríkjandi, risu innlend og einfaldari hús. Fram yfir 1920 voru nær einungis byggð timburhús en þá fóru að skjóta upp kollinum einstaka steinsteypthús. Á stríðsárunum var lítið byggt af íbúðarhúsnæði, en í lok 5. áratugarins voru byggð nokkur steinsteypthús. Síldin kom og fór aftur á 7. áratugnum, og frá því um miðja öldina hefur byggðin teygst sig upp í hlíðar og inn um tún. Þó eru ekki mikið fleiri íbúar í kaupstaðnum en voru um 1950 eða um 860 manns [21] [22].

Á töflu 1 má sjá þróun íbúafjölda Seyðisfjarðar á þessari öld. Seyðisfjarðarhreppur var sameinaður kaupstaðnum árið 1990. Á súluritinu má sjá að íbúafjöldi í firðinum var að meðaltali meiri á fyrri hluta aldarinnar en þeim síðari. Að vísu fjölgaði íbúum á sjöunda og áttunda áratugnum, en síðan þá hefur orðið mikil fólksfækkun. Áður fyrr virtist þróun mannfjölda vera í einhverju samræmi við sveiflur í atvinnulífinu. Íbúum Seyðisfjarðar fjölgaði bæði á síldarárunum fyrri og síðari, en fækkaði á krepputímum. Þróun síðustu ára virðist hins vegar ekki fylgja slíkum lögmálum og fólki hefur fækkað hratt, óháð gengi sjávarútvegsfyrirtækja eða sveiflum á vinnumarkaði.

Tafla 1. Mannfjöldapróun á Seyðisfirði 1801-1994

Ár	1801	1840	1880	1890	1901	1910	1920	1930	1940	1950	1960	1970	1980	1990	1993	1994
Seyðisfjörður*	103	155	617	658	841	928	871	963	904	744	745	884	998	981	879	866
Seyðisfjarðarhreppur					280	204	140	159	176	99	60	40	42			



* Seyðisfjörður varð kaupstaður árið 1895. Seyðisfjarðarhreppur var sameinaður kaupstaðnum árið 1990.

Grunnkort og heimildir

Grunnkortið sem upplýsingarnar voru settar inn á er kort fengið frá Seyðisfjarðarbæ. Það er ljósritað á fimm A3 blöð og er í mælikvarðanum 1:2500 Grunnupplýsingarnar á því korti eru götuheiti og húsanúmer. Það kort nær ekki ysta hluta bæjarins norðan fjarðarins, þannig að á því svæði er notast við kort frá Almannavörnum ríkisins í mælikvarðanum 1:5000. Kortin sem fylgja greinargerð þessari eru minnkuð úr A3 í A4 og er mælikvarðinn því brenglaður.

Bókin „Húsasaga Seyðisfjarðar“ eftir Þóru Guðmundsdóttur [21] var ein helsta heimildin, enda er þar sagt frá flestum þeim húsum sem byggð voru á Seyðisfirði frá seinni hluta 19. aldar fram til 1940 á skýran og skilmerkilegan hátt. Í bókinni eru margar gamlar ljósmyndir, sem m.a. nýttust þannig að heimildarmenn skoðuðu myndirnar og báru kennsl á einstök hús. Einnig er að finna í bókinni kort af Seyðisfirði frá 1925 [8]. Ýmsar aðrar heimildir voru notaðar svo sem nýtt og gamalt fasteignamat [1–4] og ýmis kort og ljósmyndir [8–10, 12–14 og 18]. Ýmsir aðilar á Seyðisfirði gáfu mikilvægar upplýsingar [5–7, 17 og 19].

Framkvæmd verkefnis

Byrjað var á því að fara í gegnum nýjasta fasteignamatið (frá árinu 1996) [4] og merkja byggingarár þeirra húsa, sem þar koma fram, inn á kort. Frá skrifstofum SR-mjòls fékkst afstöðumynd einstakra bygginga á verksmiðjussvæði þeirra við Strandarveg ásamt fasteignanúmeri hvers hluta fyrir sig [18]. Þannig var hægt að sjá byggingarár hverrar byggingar. Því næst var „Húsasaga Seyðisfjarðar“ [21] lesin spjaldanna á milli. Í henni er að finna upplýsingar um flest íbúðarhús byggð á Seyðisfirði frá seinni hluta 19. aldar fram til 1940. Bæði er sagt frá húsum sem eru horfin, og þeim sem standa enn. Margar gamlar ljósmyndir prýða bókina, og voru þær í sumum tilfellum notaðar til að skoða innbyrðis afstöðu húsa. Staðsetning húsanna er einnig sýnd á korti sem byggt er á uppdrætti Jóns Víðis frá 1925 [8]. Eftir þessu korti og uppdráttum byggðum á mælingum Jóns Víðis í mælikvarðanum 1:500 [10], og 1:2000 [9], sem til eru á Veðurstofunni voru þau hús sem ekki standa lengur teiknuð inn á grunnkortið. Mælingar Jóns Víðis ná hins vegar ekki nógu langt út með firðinum. Allan Strandarveg vantar og einnig stærstan hluta Vestdalseyrarvegs. Þessi verkþáttur tók u.þ.b eina og hálfu viku.

Eftir þetta var fasteignamat frá 1940 [2] og 1918 [3] skoðað á Þjóðskjalasafni Íslands, borið saman við það sem áður hafði komið fram og allar nýjar upplýsingar skráðar. Þetta tók um fjóra daga. Þegar búið var að vinna úr þessu eins og hægt var, fór undirrituð til Seyðisfjarðar og var þar í fjóra daga. Aðstæður voru kannaðar og kortin borin saman við raunveruleikann. Staðkunnugt fólk var fengið til að segja frá, og sýna hvar horfnar byggðir og hús stóðu, sérstaklega á þeim svæðum sem mælingar Jóns Víðis ná ekki til. Inga Hrefna Sveinbjörnsdóttir [6] sagði frá og sýndi hvar einstök hús stóðu við Strandarveg, en þar var gamla byggðin látin hverfa að mestu undir verksmiðjur á síldarárunum síðari. Sigurður Magnússon [17] sagði frá byggð út

með Vestdalsvegi og á Vestdalseyrinni. Sigurður hefur sankað að sér miklum fróðleik um hús á Seyðisfirði. Hann er kominn vel við aldur og var leigubílstjóri bæjarins, Guðmundur Þórðarson [5] fenginn til að keyra með okkur um svæðið. Guðmundur er einnig fróður um Seyðisfjarðarbyggð og gat veitt nokkrar upplýsingar. Jóhann Sveinbjörnsson [7] veitti upplýsingar um byggðina við Strandarveg og ýmis önnur hús í bænum. Einnig túlkaði hann gamlar ljósmyndir og útvegaði skannaðar eftirmyndir af þeim. Þóra Guðmundsdóttir [23], eigandi farfuglaheimilisins á Seyðisfirði og höfundur „Húsasögunnar“ var eins konar tengiliður og benti á heimildamenn til að tala við. Auk þessara veittu ýmsir aðilar upplýsingar um einstök hús.

Að þessari ferð lokinni var unnið úr gögnum og lýsingar heimamanna bornar saman við loftmyndir af Ströndinni [12] [13] [14]. Kortið var hreinskrifað og gerð skýrsla. Einnig var haft samband við heimildarmenn á Seyðisfirði til að ræða einstök vandamál, sem upp komu. Gerður var listi yfir hús sem ekki standa lengur, og einnig hús sem sérstakar athugasemdir eru við. Á þessum lista kemur fram það árabil sem húsin stóðu á, nafn hússins, hver örlög þess urðu, hvaða heimild(ir) stuðst er við og svo sérstakar athugasemdir ef einhverjar eru. Jafnframt var gerður snjóflóða- og skriðulisti. Þar eru skráð þau hús sem lent hafa í snjóflóði eða aurskriðu og það útskýrt nánar. Helstu heimildir voru Húsasaga Seyðisfjarðar [21], annálar Ólafs Jónssonar [15] [16] og samantekt Þorsteins Sæmundssonar um snjóflóð og skriðuföll á Seyðisfirði [20]. Í þetta fóru rúmar tvær vikur.

Ákveðið var að fram skyldi koma á kortinu aðalnotkun hvers húss fyrir sig í gegnum tíðina, hvort um er að ræða íbúðarhús, atvinnuhúsnæði, eða geymslur eða útihús. Ef fólk hefur búið í húsunum samhliða atvinnurekstri voru þau skráð sem íbúðarhús. Geymslur og útihús eru þau hús þar sem fólk hvorki býr né starfar. Ef notkun hússins hefur breyst í gegnum tíðina kemur það fram á kortinu. Þetta var skráð á grundvelli „Húsasögu Seyðisfjarðar“ [21] og fasteignamats '96 [4] og tók einn og hálfan dag.

Tveimur til þremur dögum var varið í að útbúa kort sem sýnir á hvaða tíma einstök svæði í bænum byggðust upp, og kort þar sem merktar eru inn helstu stofnanir og fyrirtæki bæjarins og einnig nöfn þeirra húsa sem þekkt eru undir sérnöfnum. Einnig var gert kort þar sem merkt eru inn nöfn þeirra húsa sem ekki standa lengur.

Tafla 2. Yfirlit um verkþætti og umfang þeirra

Verkþáttur	Tími
Merkja inn byggingarár húsa eftir fasteignamati '96. Lesa Húsa-sögu Seyðisfjarðar og merkja inn horfin hús eftir kortum byggðum á mælingum Jóns Víðis frá árinu 1925.	Ein og hálf vika
Skoða fasteignamat frá árunum 1940 og 1918 á Þjóðskjalasafninu og bera saman við áður fengnar upplýsingar.	Fjórir dagar
Ferð á Seyðisfjörð	Fjórir dagar
Úrvinnsla á gögnum og hreinskrifun byggingarárakorts.	Ein og hálf vika
Gerð athugasemdalista og snjóflóða- og skriðulista.	Þrjár dagar
Gerð annarra korta en byggingarárakorts	Þrjár dagar

Vandamál sem upp komu við framkvæmdina

Atvinnusvæði með mörgum byggingum, eru oft aðeins skráð á eitt götunúmer, eða þá að allt er sett undir ákveðið númerabil, t.d. Strandarvegur 1–11. SR-mjöl átti til afstöðumynd [18] þar sem einstakar byggingar eru merktar með fasteignanúmeri, og þannig var hægt að leysa vandamálið á verksmiðjussvæði þeirra við Strandarveg. Í öðrum tilfellum þurfti að hringja og spyrja viðkomandi aðila, eða tala beint við þá. Í sumum tilfellum nægði að skoða byggingarnar á staðnum.

Heimildum bar ekki alltaf saman um byggingarár eða staðsetningar. Í fasteignamatinu frá 1918 [1] kemur ekki fram byggingarár húsa heldur aðeins aldur þeirra. Hann virðist oft vera námundaður við næsta tug. Sem dæmi má nefna að húsin voru yfirleitt skráð 40 ára, eða um 30 ára o.s.frv. Á þessu byggir svo allt nýrra fasteignamat um sömu hús. Af þessu má draga þá ályktun að byggingarár gamalla húsa í fasteignamati séu ekki mjög nákvæmar tölur og því er hér frekar stuðst við „Húsasögu Seyðisfjarðar“ [21] varðandi byggingarár þeirra húsa sem þar koma fram. Það kom fyrir í einstaka tilfellum að heimildum/heimildarmönnum bar ekki alveg saman um staðsetningar og þá varð undirrituð að reyna að meta það hvað næst væri sannleikanum.

Í fasteignamatinu frá 1918 [1] koma ekki fram götunöfn og númer heldur aðeins nöfn þeirra húsa sem báru nafn. Ef húsið hafði ekkert nafn er einungis skráður eigandi hússins og notkun þess. Húsin eru þó talin upp í röð frá öðrum enda bæjarins að hinum og af því má stundum ráða hvar þau stóðu miðað við önnur hús.


Erfitt er að komast að byggingarári og staðsetningu allra útihúsa, sjóhúsa og geymsluskúra sem staðið hafa á Seyðisfirði. Byggingarárið kemur yfirleitt ekki fram í fasteignamati. Þessara bygginga virðist ekki einu sinni allra vera getið þar.

Helstu takmarkanir byggingarárakortsins

Landfræðilega séð takmarkast kortið við það svæði þar sem byggð er þéttust í dag, en þetta er ekki eina byggða landið í Seyðisfirði. Sérstaklega fyrr á tímum var þétt byggð utan við landsvæðið sem kortin sýna.

Fyrir ofan Fjörð, á hól rétt fyrir neðan neðsta klettabeltið, voru útihús sem ekki ná inn á byggingarárakortið. Þau stóðu sennilega allt frá því fyrir aldamót og hurfu uppúr 1970. Á tímabili var þarna loðdýrabú líka [19]. Á mynd 2 er áætluð staðsetning þessara útihúsa sýnd með krossi.

Mynd 2. Útihús ofan við Fjörð



Vegna ofangreindra vandamála eru ekki öll útihús, sjóhús og geymsluskúrar merkt inn á kortið, en verslunum og stærri íbúðarhúsum á 19. öld, fylgdu gjarnan slíkir skúrar.

Flest íbúðarhús og stærri hús sem byggð hafa verið síðustu 100 – 120 árin koma líklega fram á kortinu, en ekki er útilokað að einhver hús, sérstaklega þau sem stóðu í stuttan tíma eða voru farin fyrir 1918, vanti. Eftir snjóflóðið 1885 voru nokkur hús, sem stóðu nálægt farveginum, flutt inn á Ölduna. Upprunalega staðsetning þeirra er ekki nákvæmlega þekkt og kemur ekki fram á kortinu en þau stóðu flest við Liverpoolsbugtina, austan við farveg snjóflóðsins. Bent er á ljósmynd á bls. 15 í Húsasögu Seyðisfjarðar [21] sem tekin er út í Liverpool skömmu eftir 1880, og sýnir m.a. hús sem lentu í snjóflóðinu 1885 og hús sem voru flutt eftir það.

Sum húsanna á kortinu eru staðsett án þess að stuðst hafi verið við kort eða loftmyndir. Þau eru þá staðsett af heimildamönnum eða út frá ýmsum ábendingum og eru merkt á kortið með punktalínu, sem gefur til kynna að staðsetningin sé ekki nákvæm.

Hægt væri að gera kortið fullkomnara t.d. með því að fara í gegnum fasteignamat frá fleiri tímum og allar þær húsavirðingar sem gerðar hafa verið, en húsavirðingar eru fyrirrennarar fasteignamats. Með því væri hugsanlega hægt að fá upplýsingar um fleiri hús sem stóðu í stuttan tíma, eða voru farin fyrir árið 1918. Þannig væri líka hægt að skrá fleiri útihús og skúra, en það er hins vegar vandamál að staðsetja slík hús á korti. Hugsanlega væri hægt að komast að byggingarárum húsanna sem fóru í snjóflóðinu 1885 með því að skoða gamlar húsavirðingar. Einnig væri að sjálfsögðu hægt að stækka kortið landfræðilega.

HEIMILDASKRÁ

Skriflegar heimildir og kort eru til á Veðurstofu Íslands nema fasteignamat frá 1918 og 1940 sem er á Þjóðskjalasafni Íslands og fasteignamatið frá 1970 sem geymt er hjá Fasteignamati ríkisins.

- [1] Fasteignamat 1918.
- [2] Fasteignamat 1940.
- [3] Fasteignamat 1970.
- [4] Fasteignamat 1996.
- [5] Guðmundur Þórðarson, 1997: Munnlegar heimildir.
- [6] Inga Hrefna Sveinbjörnsdóttir, 1997: Munnlegar heimildir.
- [7] Jóhann Sveinbjörnsson, 1997: Munnlegar heimildir.
- [8] Jón J. Víðis, 1925: Kort gert eftir mælingum Jóns Víðis frá 1925 í: Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar.
- [9] Jón J. Víðis, 1925: Uppdráttur í mælikvarðanum 1:2000 stækkaður eftir uppdrætti í mælikvarðanum 1:500 er Jón J. Víðis gerði 1925–26.
- [10] Jón J. Víðis, 1925: Fjórir uppdrættir í mælikvarðanum 1:500 sem Sig. Ólafsson og H. Arnórsson gerðu eftir mælingu Jóns J. Víðis frá 1925.
- [11] Kristján Ágústsson, 1988: *Könnun á snjóflóðahættu á Seyðisfirði*. Unnið fyrir Ofanflóðanefnd, Reykjavík. 68 bls.
- [12] Loftmynd, skönnuð, Seyðisfjörður 10.5.1946.
- [13] Loftmynd, skönnuð, Seyðisfjörður 10.5.1946. Svæðið í kringum sflidarbræðsluna stækkað og nöfn húsa skráð inná (sennilega skráð af Sigurði Magnússyni o.fl.).
- [14] Loftmynd, skönnuð, af Sflidarbræðsluvæðinu, 1.8.1955.
- [15] Ólafur Jónsson og Halldór G. Pétursson, 1992: *Skriðuföll og Snjóflóð*. Annað bindi, skriðuannáll. Bókaútgáfan Skjaldborg, Reykjavík. 418 bls.
- [16] Ólafur Jónsson, Sigurjón Rist og Jóhannes Sigvaldason, 1992: *Skriðuföll og Snjóflóð*. Þriðja bindi, Snjóflóðaannáll. Bókaútgáfan Skjaldborg, Reykjavík. 480 bls.
- [17] Sigurður Magnússon, 1997: Munnlegar heimildir.
- [18] SR-mjöl. Seyðisfirði, 1991: Afstöðumynd af Strandarvegi 1–11 í mælikvarðanum 1:500.
- [19] Vilbergur Sveinbjörnsson, 1997: Munnlegar heimildir.
- [20] Þorsteinn Sæmundsson, 1997: *Seyðisfjörður. Annáll snjóflóða 1732–1997 Annáll aurskriða ???–1997*. Óútgefið vinnueintak. Veðurstofa Íslands, úrvinnslu- og rannsóknarsvið, snjóflóðavarnir.
- [21] Þóra Guðmundsdóttir, 1995: *Húsasaga Seyðisfjarðarkaupstaðar*. Safnastofnun Austurlands og Seyðisfjarðarkaupstaður, Seyðisfjörður. 464 bls.
- [22] Þóra Guðmundsdóttir og Martin Sammtleben, 1997: *Húsin í bænum. Þróun byggðar á Seyðisfirði frá 1850 til 1950. Sýning í Tæknimínjasafni Austurlands*. Bæklingur.
- [23] Þóra Guðmundsdóttir, 1997: Munnlegar heimildir.

Viðauki 1

SNJÓFLÓÐA OG SKRIÐULISTI

HÚS Á SEYÐISFIRÐI SEM ORÐIÐ HAFA FYRIR SNJÓFLÓÐUM EÐA SKRIÐUFÖLLUM.

Botnahlíð

Þann 25. Sept. 1981 féllu einar þrjár skriður úr Botnum fyrir ofan Botnahlíð, en þar er efsta byggðin sunnan fjarðarins. Skriður þessar féllu alveg niður að byggðinni og í sumum tilvikum fóru þær alveg inn á húsatún (skemmdir á lóðum) (Þ.S., '97).

Hafnargata 4, Pósthúsið

Þann 25. ágúst 1974 hlupu margar skriður úr Strandatindi. Vatn og áur eyðilagði nýlagfærða lóð í kringum hús Pósts og Síma (Þ.S., '97).

Hafnargata 10, Múli

Þann 25. ágúst 1974 féll grjótskriða yfir Framhústún og trjágardur, sem var við húsið Múla, skemmdist mjög mikið og allar girðingar á stóru svæði þarna eyðilögðust (Þ.S., '97)

Hafnargata 31, Skipasmíðastöð Austfjarða. Áður nefnt Garðarshús og Fiskverkunarhús Svendsens.

Á þessum stað, Svendsengrunninum, voru byggð tvö hús 1880. Annað þeirra brann 1884, en hitt keypti Pöntunarfélag Fljótsdæla 1885 (Þ.G., '95). Það hús lenti í aurskriðu aðfaranótt 3. júlí 1892. Skriðan fór þvert í gegnum húsið, tók úr því 6 álna stykki og rótaði vörum, sem þar voru fyrir, niður í flæðarmál. Skriðan bar fram stórbjörg og varð eitt eftir á miðju gólfi hússins (Ó.J., '92). Eftir þetta flutti félagið með starfsemi sína utar á Eyrina, Hafnargötu 53. Árið 1897 byggði Garðarsfélagið hús á Svendsengrunninum (Þ.G., '95).

Hafnargata 53, Fisksölufélagshús, áður nefnd Pöntun eða Pöntunarfélagshús.

Í september 1935 féll skriða að geymsluhúsi Fisksölufélagsins, svonefndri Pöntun, en olli ekki skemmdum (Ó.J., '92). Ath. Ekki er minnst á að húsin fyrir ofan, Skuld og Pöntun hafi orðið fyrir skriðunni.

Hafnargata 54, Skuld (Steinholt)

Þann 15. ágúst 1897 féll mikil skriða ofan um veitingahúsið Steinholt, braut inn grjótvegg í útihúsi sem stóð þar fyrir ofan og færði sjálft veitingahúsið til á grunninum og eftir það fyllti það grunn fyrir ofan Pöntunarhúsin sem byggður hafði verið undir nýtt íbúðar- og verslunarhúsnæði (Hafnargötu 55). (Þ.G., '95 og Ó.J., '92).

Þann 30. sept. 1958 féllu nokkrar skriður úr Strandartindi, og sú stærsta hljóp á húsið Skuld. Fjölskyldan, sem bjó þar slapp naumlega naumlega út, en aur og grjót hlóðust í allt að þriggja metra háan garð umhverfis húsið. Skriðan braut elhúsgluggann og aurinn flæddi þar inn. Húsið var talið ónýtt, en var aftur tekið í notkun á síldarárunum (Ó.J., '92). Sama skriðan eyðilagði gripahús og hlöðu sem stóðu nær fjallinu (Þ.S., '97)

Hafnargata 55, Pöntun

Þann 15. ágúst 1897 fyllti skriða grunn fyrir ofan Pöntunarhúsin, sem byggður hafði verið undir umrætt hús. Það að skriðan lenti í þessum grunni er talið hafa bjargað Pöntunarfélagshúsunum, Hafnargötu 53, sem stóðu þar beint fyrir neðan (Ó.J., '92). Rætt var um hvort flytja skyldi Pöntunarfélagshúsin eða gera varnargarð ofan við þau, en hvorugt var gert og starfsemi og uppbyggingu var því haldið áfram á skriðusvæðinu. Grunnurinn undir hið nýja hús var hreinsaður og það reist árið 1898 (Þ.G., '95).

Einnig féll skriða á húsið þann 30. sept. 1958, en skemmdi það lítið (Ó.J., '92).

Staðsetning hússins var frá öndverðu slæm. Skriður úr Strandartindi höfðu þjarmað að því frá því á fyrstu byggingarstigum. Að lokum var svo komið að Hafnargatan lá á annan metra hærra en húsið. Það var flutt í Bjarnarfjörð á Ströndum 1985 (Þ.G., '95).

Hafnargata 59, Hörmung

Þann 14. Sept. 1935 hljóp skriða á húsið, og skemmdist neðri hæð íbúðarhússins allmikið. Geymsluhús sem tilheyrði húsinu fylltist af aur og grjóti. Skriðan hljóp fyrir dyr íbúðarhússins. Í skriðunni gereyðilagðist líka olíuport Olíuverslunar Íslands (Ó.J., '92).

Hörmung endaði daga sína í aurskriðu þann 30. Sept. árið 1958. Aurflóð fór inn á neðri hæð hússins. Engin slys urðu á mönnum (Ó.J., '92).

Ránargata 4, Gamla og Nýja Glasgow

Þorsteinn Erlíngsson nefnir Glasgow bæði hina nýja og hina gömlu í aldamótagein sinni 1903 er hann fjallar um svæðið í nyrðra horni hafnarinnar: *Um þetta svæði er þjóðvegur snjóflóðanna, og hann ruddi flóðið mikli 1885 svo rækilega, einkum í sjálfum króknum að þar byggir enginn hús frammar, því þar á hvert flóð beina braut til sjávar. Þó þar sé verst, er ekkert af svæðinu vel tryggt og tæplega hesthúsið. Þar litlu norðar, þar sem myndinni sleppir hefir Þórarinn þó byggt nýtt vöruhús 1898. (Nýja Glasgow) Enn norðar stendur þar annað vöruhús hans, neðan götu við sjóinn og bryggjustúfur fram af, en þar ofan götu stóð áður mikið hús og var kallað Glasgów..... Glasgów varð fræg fyrir viðureign sína við snjóflóðið mikla; hún klauf flóðið á sér og stóð ein eftir, en flóðið tók af henni syðri endan og bar út á fjörð. Í hinum vóru kol og hann sat fastur, en húsið stóð þar síðan hornskakt og söðulbakað unz það brann.*

Ránargata 10, *Liverpool og Reykhúsið*

Verslunarhúsið Liverpool stóð rétt fyrir ofan Reykhúsið, Ránargötu 10, sem brann 1994, en verslun hófst í Liverpool einhvern tímann skömmu eftir miðja öldina sem leið (Þ.G., '95).

Þann 20. okt. 1882 hljóp skriða á Liverpool, . Klofnaði hún um húsið, en gerði ekki mikið tjón (Ó.J., '92).

Þriðja mars árið 1912 féll snjóflóð á Liverpool. Flóðið kollstepti og mölbraut vöruheymsluhús Framtíðarinnar sem byggt var á Liverpoolsgrunninum. Það lemstraði líka nýja fiskveiðihúsið (Reykhúsið) sem stóð þar beint fyrir neðan. Sama flóð hrifsaði einnig með sér fjárhús með 17 kindum (Ó.J., '92).

Ránargata 17, *Bræðraborg*

Í síðari hluta febrúar 1904 féll snjóflóð um Hjarðarholt, Bræðraborg og Fornastekk, án þess þó að valda verulegu tjóni (Ó.J., '92).

Þann 19. mars 1946 fór snjóflóð yfir fjárhús rétt utan við Bræðraborg, en olli ekki tjóni á því (K.Á., '88)

Þann 19. ágúst 1950 féll skriða á Bræðraborg, sem mun hafa valdið skemmdum á húsum, svo að fólk flýði þaðan (Ó.J., '92).

Árið 1951 féllu snjóflóð víða úr Bjólfinum m.a. utan við Bræðraborg og á milli Bræðraborgar og Hjarðarholts (Þ.G., '95). **Ath. Þessara flóða er ekki getið í annálum.**

Ránargata 17, *Sunnversbraggi*

Þann 26. september 1981 féll skriða á gamla verbúð frá síldararunum. Þar varð mikið tjón, því í verbúðinni var fullþurrkuð skreið sem beið útflutnings (Ó.J., '92).

Strandarvegur 1, *olíutankur Skeljungs*

Olíutankur Skeljungs, sem nú stendur fyrir neðan götu innan við skrifstofur SR-mjöls stóð áður innan við Hörmungarlæk, ofan götu. Samkvæmt I.H.S. o.f.l. féll snjóflóð fyrir um 10 árum sem stöðvaðist rétt ofan við tankinn. Hann var þá fluttur niður fyrir veg. Samkvæmt Ó.J., '92 fór allmikið flóð á fyrstu dögum febrúarmánaðar úr Strandartindi sem stöðvaðist um 20 m ofan vegar og aftur fór flóð úr tindinum 14. Febrúar og niður á veginn milli Síldarverksmiðju ríkisins og Fiskvinnslunnar.

Samkvæmt fasteignamati '96 á Skeljungur sérhæfða byggingu, 87 fm. Við Strandarveg 1. Byggingarárið er 1951. Þarna hlýtur að vera átt við umræddan tank, en ef hann hefur verið byggður við Hörmungarlæk árið 1951 þá hefur hann staðið rétt ofan við húsið Hörmung. Hörmung fór í aurskriðu 1958, en ekki er minnst á að olíutankur hafi orðið fyrir skriðunni.

Strandarvegur 1, *Síldarbræðslan*

Þann 19. ágúst 1950 féllu skriður víða í Strandartindi. M.a kom skriða niður hjá síldarbræðslunni, fyllti þrær hennar af aur og stórgrýti og gróf þar um 800 mál síldar (Ó.J., '92). Féll skriðan fyrst á saltgeymslu ofan við þrærnar og eyðilagði hana (Þ.S., '97).

Þann 30. sept. 1958 fyllti skriða þrær síldarverksmiðjunnar af aur og vatni, en olli þar ekki frekara tjóni og eigi heldur á olúgeymum, sem hún féll á (Ó.J., '92).

Þann 11. ágúst 1989 féll skriða á Síldarverksmiðjur ríkisins. Hús voru talin að mestu ósködduð, en skriðan rann upp að hráefnistönkum fyrirtækisins (Ó.J., '92)

Strandarvegur 2, *Hæð* og Strandarvegur 5, *Garðhús*

Sama skriða og kom niður hjá síldarbræðslunni 19. ágúst 1950, laskaði bæði þessi íbúðarhús og bar inn í þau aur og grjót, en fólkinu tókst að flýja húsin. Geymsluskúrar við Hæðina brotnuðu og hlóð áur og grjóti að húsinu svo að nam við þakskegg (Ó.J., '92). Í Garðhúsinu var ekki búið eftir þetta (Þ.G., '95).

Strandarvegur 26–28, *Strönd*

Þórir G Jónsson byggði húsið árið 1930 og átti það til ársins 1943. Á meðan hann bjó þar hljóp snjóflóð í gegnum neðri hæð þess (Þ.G., '95). **Ath. Á þetta snjóflóð er ekki minnst í annálum.**

Þórir byggði einnig sjóhús sem nú er hluti af söltunarstöð Strandarsíldar hf (Þ.G., '95). Þann 15. sept 1935 féll aurskriða á fiskverkunarstöð hans, sem mun hafa verið skammt utan við Búðareyrina. Skriðan færði í kaf fiskreiti og fiskstakka, braut efri hlið úr fiskgeymsluskúr og flóði inn um dyr á kjallara, þar sem geymdur var óverkaður fiskur (Ó.J., '92).

Þann örlagaríka dag, 19. ágúst 1950 féll skriða á Strönd, molaði húsið og gróf íbúa þess undir sér. Kona og fjögur börn hennar fórust. Húsið var steinhús, en virðist hafa verið úr mjög lélegri steypu (Ó.J., '92). Þetta slys varð til þess að nokkuð fór að losna um búsetu á Ströndinni (Þ.G., '95).

Strandarvegur 29, *Strandarsíld*, áður nefnt *Norðursíld*.

Þann 11. ágúst 1989 féllu þrettán aurskriður úr Strandartindi, þar af ein á fiskvinnsluna Norðursíld. Skriðan féll á geymsluhús úr timbri og eyðilagði á því ytri endann (Ó.J., '92).

Strandarvegur 35, *Imslandshús*

Í fasteignamati frá 1918 er eftirfarandi skráð: Hús á Fjarðarströnd. Eigandi: Imslands arvinger. Ís- og frosthús 1901. Liggur með sjó næst fyrir austan Flísa-hús. Á lóðinni stendur íbúðarhús Ásmundar Sveinssonar byggt 1893. Á Strönd eru tvö nótahús, geymsluhús, lifrarbræðsluhús og smiðjuhús. Liggur með sjó beggja megin vegarins. Ekki er sagt til um aldur þessara húsa. Í húsavirðingum frá 1881 er samkvæmt Húsasögu aðeins tveimur húsum lýst undir sama númeri. Einu íbúðarhúsi (Strýlu) og svo húsinu sem stendur enn í dag. Í fasteignamati frá

1940 koma þessi verksmiðju og geymsluhús ekki fyrir. Þeir sem ólust þarna upp á 4. og 5. áratugnum muna heldur ekki eftir þeim. Því má ætla að Imslandshúsið hafi verið orðið eitt eftir á svæðinu a.m.k um 1935, kannski fyrr. Byggingarár þessara verksmiðju- og geymsluhúsa er sennilega í kringum 1899, vegna þess að á þeim tíma var Imsland með nokkur umsvif. Staðkunnugir eru heldur á því að þessi hús hafi verið utan við núverandi Imslandshús, og mynd í Húsasögu Seyðisfjarðar (Þ.E., '95) sýnir a.m.k. eitt hús fyrir utan og einhvers konar fiskireiti og litla lýsisbræðslu fyrir innan Imslandshúsið.

Um miðjan apríl 1899 hljóp snjóflóð á gufubræðsluhús, sem Imsland kaupmaður átti á Fjarðarströnd á Seyðisfirði og braut þau niður, en tók sum burtu. Þar var búið á sumrum, en íbúðin stóð auð á veturnum (Ó.J., '92).

5.–6. ágúst 1905 hljóp skriða á bræðsluhús Imslands kaupmanns og eyðilagði þau að mestu. Húsin stóðu á Ströndinni, skammt utan við Búðareyrina, og skriðan hefur komið úr Strandartindi eigi langt frá skriðuhlaupunum 1897 og 1903 (Ó.J., '92) Líklegt má telja að þessi bræðsluhús hafi staðið á svipuðum slóðum og Imslandshúsið, en það er ekki víst.

Vestdalseyrvægur, *Fornistekkur*, áður nefndur *Fornustekkir*

Þann 2. feb. 1885 féll snjóflóð á skúra hjá Fornustekkjum, braut þá inn og setti þökin fram á sjó. Þann 8. feb. sama ár tók snjóflóð timburhúskofa sem Norðmenn áttu í Nautabásnum (Ó.J., '92).

Snjóflóð hljóp á Fornustekk aðfaranótt 3. feb. árið 1914, braut fjósið og skemmdi íbúðarhúsið, svo að fólkið varð að flytja úr því (Ó.J., '92).

Vestdalseyrvægur 2, *Síldarverkmiðjur Hafsíldar*

Þann 27. mars 1967 féll snjóflóð á mjölskemmu síldarbræðslunnar Hafsíldarinnar hf. Og braut hana niður. Verkmiðjuna rétt innan við húsið sakaði ekki (Ó.J., '92).

Í janúar 1975 lenti snjóflóð á síldarverkmiðjuna, braut vegg vélasalsins og þakið féll, en framhliðina sakaði ekki (Ó.J., '92).

Um jólaleytið 1985 féll flóð á síldarverkmiðju Ísbjarnarins (Hafsíldar). Það tók sundur leiðslu frá olútanki verkmiðjunnar og runnu 300–400 tonn af olíu í sjóinn (Ó.J., '92).

Í byrjun febrúar 1988 féllu nokkur snjóflóð úr Bjólfinum, og stöðvaðist eitt þeirra að hluta til á fiskimjölsverkmiðju Hafsíldar án þess þó að valda nokkru tjóni (Ó.J., '92).

Þann 19. mars 1995 féll snjóflóð á mjölskemmu Vestdalsmjöls svo hún gjöreyðilagðist og verkmiðjuhúsið gaf sig að hluta (Þ.S., '97).

Óþekkt hús

Í apríl árið 1919 féll snjóflóð utan við Búðareyrina og færði í kaf hús, sem fólkið var nýlega flutt úr (Ó.J., '92). Ekki fundust nánari upplýsingar um hvaða hús væri að ræða.

Krapaflóðin 1882

Hótel Ísland

Krapaflóð lenti á hóteli Chr. Thostrups, Hótel Íslandi í janúar 1882. Það flutti húsið til á grunninum, skekkti það og flæddi inn í kjallarann, svo rjúfa varð gólfið til að ná bakaranum sem vann í kjallaranum þar sem hann stóð á kassa með krapaelginn upp að höku. Hótel Ísland stóð norðan við Glasgow.

Baldurshagi

Stóð litlu utar og neðar en Hótel Ísland. Skömmu eftir krapaflóðið sem féll á Hótel Ísland féll annað krapaflóð á Baldurshaga. Flóðið tók miðbikið úr húsinu og færði út á fjörð.

Flóðið eyðilagði einnig tvo fiskskúra, nokkra báta og ýmislegt fleira.

(Ó.J., '92)

Snjóflóðin 1885

Flóðin sópuðu alls 14 íbúðarhúsum burt, sem stóðu áður nálægt króknum í Liverpool, og löskuðu önnur hús. Húsin sem lentu í flóðinu voru:

Hús Gests Sigurðssonar. Það stóð á hól fyrir utan og ofan Fjörð. Húsið laskaðist svo það varð óíbúðarhæft, en fólkið sakaði ekki.

Jaðar, hús Jóns Sigurðssonar, sem stóð efst á hólnum ofan við Fjörð. Það skemmdist frekar lítið.

Á Bjargi eða Efri-Jaðar, hús Ólafs Sigurðssonar. Stóð um 60 m niður frá klettabelti í fjallshlíðinni um 20 m háu. Eyðilagðist.

Hátún, hús Guðmundar Pálssonar. Þetta hús mun hafa staðið næst Firði.

Efra-Hátún, hús Einars Guðmundssonar.

Sigtún, hús Sigmundar Matthíassonar Long, út frá Efra-Hátúni.

Hús Mikaelis Gellissonar. Stóð rétt utan við hús Sigmundar.

Hús Jóhanns Matthíassonar Long.

Hús Magnúsar Sigurðssonar frá Firði.

Grund, efri bærinn, hús Guðnýjar Sigurðardóttur. Stóð fyrir utan og neðan hús Magnúsar Sigurðssonar.

*Grund*₂ neðri bærinn, hús Steingríms Sigurðssonar.

Garðhús, hús Odds Jónssonar, rétt norðan við túngarðinn í Firði.

Blöndalshús, hús Valdimars Blöndals, rétt norðan við túngarðinn í Firði, neðar en *Garðhús*.

Álfhóll, hús Sigurðar Þórarinssonar, stóð nokkru utar og einna hæst af þessum síðartöldu húsum.

Vingólf(ur), lyfjabúð og bakarí, hús Andreas Jørgensens.

Þorsteinshús eða Leira, hús Þorsteins Jónssonar. Stóð út á malarkambinum út frá *Garðhúsum*.

Hús J. Chr. Thostrup (Hótel Ísland). Stórt hús, stóð rétt innan við malarkambinn.
(Ó.J., '92)

Nokkur hús, þar á meðal Nóatún og Ingimundarhús (Oddagata 1), sem stóðu utan við Norskubúð, kippkorn fyrir utan flóðasvæðið, voru flutt inn á Öldu (Þ.G., '95).

VIÐAUKI 2

ATHUGASEMDALISTI

Götuheiti og númer	Árabil ¹	Nafn húss/ Áður nefnt	Örlög	Heimild	Athugasemdir
Austurvegur 2	1897–1974	Bjarki	Rifið	Húsasaga	
Austurvegur 17	1890–1973	Borgarhóll, Efri-Borgarhóll	Brann	Húsasaga	
Austurvegur 21 B	1903–1987		Brennt	Húsasaga	
Austurvegur 25	<1900–1940	Kristínarskúr/ Litli-Bakki	Rifið	Húsasaga	
Austurvegur 31	1898–1975	Skúr/ Egilsskúr, Vilborgarskúr, Vilborgarstaðir	Rifið	Húsasaga	
Bjólfsgrata 3	1885–1966	Bóndastaðir	Rifið	Húsasaga	Húsið var byggt út við Liverpool 1881 en var flutt að Lóninu eftir snjóflóðin 1885.
Bjólfsgrata 4	1885	Nóatún		Húsasaga	Húsið var byggt á milli 1860 og 1870 út við Liverpool, en var flutt eftir snjóflóðin 1885.
Bjólfsgrata 5	<1901–1974	Gamla prentsmiðjan, Gata	Rifið	Húsasaga	Í fasteignamati '40 er 1891 skráð byggingarár.
	<1000–1906	Fjörður		Húsasaga	Fjörður var landnámsbærinn í Seyðisfirði. Þarna virðist hafa verið torfbær allt frá landnámi. Árið 1651 voru hjáleigurnar Fjarðarsel og Oddi innan landamarka Fjarðar. Um aldamótin er talið að auk aðalbæjarins í Firði hafi staðið Gestsbær og Brekkubær og bær þar sem Guðný Tómasdóttir bjó síðar. Einnig var bær efst í Fjarðartúni sem hét Jaðar. Sá bær skemmdist lítillega í snjóflóðunum 1885.
Fjörður 2	ca 1888–1975	Brekka	Rifið	Fastm. '40 og Húsasaga	

¹ Sjá skýringar á bls. 29.

Götuheiti og númer	Árabil	Nafn húss/ Áður nefnt	Örlög	Heimild	Athugasemdir
Garðarsvegur 14	<1916–1965	Sólheimar	Brennt	Húsasaga	
Hafnargata 10	1907	Múli/ Nýja Hansenshús, Imslandshús		Húsasaga	Var upphaflega byggt á Svendsensgrunni utan við Þórshamar árið 1887.
Hafnargata 16	<1892–1985	Erlendarhús, Pettersenshús	Rifið	Húsasaga	
Hafnargata 18	1882–1965	Bláhús (innra)	Rifið	Húsasaga, Fastm. '40	Í Bláhúsatorfu, sem voru nokkur sambyggð hús.
Hafnargata 18B	1893–1989	Bakhús	Rifið	Húsasaga, Fastm. '40	Í Bláhúsatorfu.
Hafnargata 19	<1899–1943	Sæból	Rifið	Húsasaga	
Hafnargata 20	<1899–1966	Bláhús (ytra)	Rifið	Húsasaga	Í Bláhúsatorfu.
Hafnargata 23	1900–1945		Rifið	Fast.mat '40 og I.H.S.	
Hafnargata 30	1904–1954	Nýlenda/ Arnbjargarhús	Rifið	Húsasaga	
Hafnargata 32B	1921–1989		Rifið	Húsasaga	Reist á Fjarðarströnd fyrir árið 1901.
Hafnargata 35	1878–1942	Stefánshús	Rifið	Húsasaga	
Hafnargata 43	1894–1966	Wathnesbúð	Rifið	Húsasaga	
Hafnargata 48	1906–1992	Wathneshús/ Stóra- Wathneshús	Brann, rifið	Húsasaga	
Hafnargata 49	1868–1981	Gamla kompaníið/ Mandalshús	Brann	Húsasaga	
Hafnargata 49	1920–1963	Nýja kompaníið/Mandalshús	Brann	Húsasaga	
Hafnargata 53	1868–1992	Fisksölufélagshús/ Pöntun	Brann	Húsasaga	
Hafnargata 54	1878–197?	Skuld/ Steinholt, Hlíðarendi	Brann	Húsasaga	S ²
Hafnargata 55	1898–1985	Pöntun/ Múli	Flutt	Húsasaga	S

² S táknar að húsið hafi orðið fyrir skakkaföllum af skriðum eða snjóflóðum.

Nánari upplýsingar er að finna í meðfylgjandi skriðu- og snjóflóðalista.

Götuheiti og númer	Árabil	Nafn húss/ Áður nefnt	Örlög	Heimild	Athugasemdir
Hafnargata 59	1914–1958	Hörmung/ Fornistekkur, Nýi-Fornistekkur	Aurskriða	Húsasaga	S. Samkvæmt Húsasögu er þetta hús upphaflega Fornistekkur, fluttur 1914.
Norðurgata 1	1893–1982	Sólvangur	Rifið	Húsasaga	
Oddagata 1	1886	/Ingimundarhús		Húsasaga	Byggt út við Norsku búð 1882. Flutt eftir snjóflóðin 1885.
Oddagata 2	1941	Rauðakrossskálinn, Bílabragginn/ Naffi		Húsasaga	Upphaflega voru skálarnir tveir en annar brann skömmu eftir stríð.
Oddagata 2A	1889–1919	Rekdahlshús	Brann	Húsasaga	
	1893–1919	Nýjabúð, Nielsensbúð/ Bolagið, Andrésarhús, Rasmussensbúð	Brann	Húsasaga	Stóð austan við Oddagötu 2A, Rekdahlshús og brann í sama bruna og það.
Oddagata 4	ca 1900–1970	Fangahús	Rifið	Húsasaga	
	1886–1908	Nielsenshús	Brann	Húsasaga	Lítið hús nyrst í sömu húsaröð og Nóatún og Ingimundarhús.
Oddagata 5	<1897–1987	Skálanes/ Skildinganes	Rifið	Húsasaga	
	1894–1917	Bindindishúsið, Leikfélagshúsið	Flutt	Húsasaga	Stóð þar sem nú er bílastæðið á milli Landsbanka og Bjólfsgötu 4.
Ránargata 4	1848–1898	Gamla-Glasgow	Brann	Húsasaga	S
Ránargata 4	1898–1957	Nýja-Glasgow	Rifið	Húsasaga	
Ránargata 5	1881 – 1942	Norskabúð, Framtíðin	Rifið	Húsasaga	
Ránargata 5	ca. 1882	Sláturhús/ Norskabúð, Framtíðin		Húsasaga	Verslunarhúsið var rifið 1942 en það sem stendur eftir er pakkhús, sem var sennilega lítið eitt yngra.
Ránargata 6	1884–1987	Skaftabær	Rifið	Húsasaga	
Ránargata 8	1882	Báran/ Imslandsbúð		Húsasaga	Árið 1882 voru byggð verslunar- og fiskhús á lóðinni. Búðin var rifin 1918, en Báran er byggð á grunni fiskhússins.
Ránargata 10	ca 1867–1912	Liverpool	Snjóflóð	Húsasaga	S

Götuheiti og númer	Árabil	Nafn húss/ Áður nefnt	Örlög	Heimild	Athugasemdir
Ránargata 10	1907–1994	Reyksíld, Reykhúsið/ Mótorhúsið, Nýja- Fiskhús, Slátur-húsið, Framtíðin, Hafaldan, Áhaldahús	Brann	Húsasaga	S
Ránargata 17	1963~1988	Sunnuversbraggi, verbúð	Brann	Fast.mat '70, J.S. og G.Þ	S
Strandarvegur 1	1951~1988	Olúgeymir Skeljungs	Fluttur	Upplýsingar frá starfsmönnum Skeljungs og SR-mjöls og fast.mat '70	S
Strandarvegur 1	1926~1962	Olúgeymar	Rifið	Húsasaga og I.H.S.	Við Forvaðavíkina eða Antoníusar- bugtina sem nú er búið að fylla uppí voru olútankar, liggjandi á hlið, ofan á steiptum grunni. Þeir hurfu í byrjun síldaráranna.
Strandarvegur 1	ca 1963	Skrifstofuhús SR-mjöls/ Bræðslubraginn		I.H.S.	Húsið var byggt árið 1962 við innri enda verksmiðjunnar þar sem nú er mjölhús SR-mjöls. Það var flutt á núverandi stað þegar mjölgeymsluhúsið var byggt 1963-64.
Strandarvegur 1	<1885–1936	Frosthús Ottó Wathne	Síldar- bræðslan	Húsasaga og I.H.S. og J.S. og loftmyndir frá 1946 og 1955	S
Strandarvegur 1	<1881–1963	Massi, Síldarbræðslan/ Madsenshús	Rifið	Húsasaga og I.H.S. og J.S. og loftmyndir frá 1946 og 1955	S Við Forvaðavík byggði Ottó Wathne lítið hús 1868 til að stunda frá síldveiði en hætti svo við. Þar hjá byggði Hakon Madsen síðar hús og er allt saman því oft kallað Madsenshús.

Götuheiti og númer	Árabil	Nafn húss/ Áður nefnt	Örlög	Heimild	Athugasemdir
Strandarvegur 1	1915–	Lifrarbræðsluhús	SR-mjöl ³	Fast.mat '40 og I.H.S. og J.S. og loftmyndir frá 1946 og 1955	
Strandarvegur 1	1878–	Antoníusarhús	SR-mjöl	Fasteignamat '40 og I.H.S. og J.S	
Strandarvegur 1	1915–	Vörugeymsluhús		Fasteignamat '40	Ekki er vitað við hvaða hús er átt og ekki er minnst á það í öðrum heimildum. Mögulegt er að þetta sé sama húsið og Pálshús sem Inga Hrefna Sveinbjörnsdóttir og Jóhann Sveinbjörnsson minnst.
Strandarvegur 1	1920–	Vélahús (Pálshús)	SR-mjöl	Fast.mat '40 og I.H.S og J.S. og loftmyndir frá 1946 og 1955	Þetta gæti verið sama hús og Pálshús, og gert er ráð fyrir því á byggingar-árákortinu, en einnig gæti verið um að ræða gamla frosthús Ottó Wathne. Samkvæmt Húsasögu drifu vélar úr því einmitt Síldarbræðsluna, sem sett var upp 1936. Byggingarár vélahússins bendir þó ekki til þess að um sama hús sé að ræða.
Strandarvegur 1	<1891–1935	Hlaðir, Hlaða	Rifið	Húsasaga og I.H.S.	
Strandarvegur 1	1965–1979	Lýsisgeymar	Fluttir	I.H.S og fast.mat. '70	Tankarnir stóðu upp í hlíðinni ofan við verksmiðjur SR-mjöls en voru fluttir niður fyrir veg upp að síldarverksmiðjunum árið 1979. Upphaflegt byggingarár þeirra er óvíst en var sennilega á síldarárunum síðari.

³ Verksmiðjurnar sem stóðu við Strandarveg 1 hurfu undir eða voru innlimaðar í verksmiðjusvæði SR-mjöls sem reis á síðari síldarárunum.

Götuheiti og númer	Árabil	Nafn húss/ Áður nefnt	Örlög	Heimild	Athugasemdir
Strandarvegur 2	1927–1963	Hæð/ Byggðarholt	Síldarverk- smiðjur ríkisins	Húsasaga og I.H.S og loftm. frá 1946 og 1955	S
Strandarvegur 4	1929–1963	Ytri-Hæð	Síldarverk- smiðjur ríkisins	Húsasaga og I.H.S og loftm. frá 1946 og 1955	
Strandarvegur 5	1906–1962	Garðhús	Rifið	Húsasaga og loftm. frá 1946 og 1955	Reist árið 1900 utar á Ströndinni u.þ.b. þar sem Strandarsíld er í dag.
Strandarvegur 6	1933–1959	Borg	Rifið	Húsasaga og I.H.S. og loftm. frá 1946 og 1955	
Strandarvegur 6b	1933–1959	Gripahús	?	Fast.mat '40 og loftm. frá 1946 og 1955	
Strandarvegur 7	ca 1882–1938	Kohlershús, Kjull	Síldar- bræðslan	Húsasaga og V.S.	Þorsteinn Erlíngsson segir í aldamóta- grein sinni í Eimreiðinni að húsið hafi upphaflega verið byggt sunnan fjarðar undir Bjólfi.
Strandarvegur 10	1907~1965	Kabelhús, Sæsímahús	Rifið	Húsasaga og I.H.S. og loftm. frá 1946 og 1955	
Strandarvegur 11	1880–1963	Nagli/ Nagelshús	Rifið	Húsasaga og J.S. og loftm. frá 1946 og 1955	
Strandarvegur 13	1896–1963	Strandberg	Innlímað í nýtt neta- gerðarhús	Húsasaga og I.H.S. og loftm. frá 1946 og 1955	
Strandarvegur 15	1923~1960	Sjóhús	?	Fast.mat '40 og loftm. frá 1946 og 1955	Þau eru á loftmynd frá 1950, en koma ekki fyrir í fasteignamati frá 1970, þ.a. þau hverfa á þessu bili.
Strandarvegur 17	ca. 1926– 1964	Íshús/Osló	Rifið	Húsasaga og I.H.S og loftm. frá 1946	
Strandarv. 18/19	1937–fyrir '70	Skakkastaðir	?	Fast.mat '40 og I.H.S.	Óvandað hús. Farið sennilega töluvert fyrir 1970.

Götuheiti og númer	Árabil	Nafn húss/ Áður nefnt	Örlög	Heimild	Athugasemdir
Strandarvegur 20	<1892–1940	Sæbjargarhús	Rifið	Húsasaga og I.H.S. og J.S.	
Strandarvegur 21	1913–1996	Björgvin	Flutt	Húsasaga og J.S.	Stendur nú á Vesturvegi 5.
Strandarv. 26–28	1930–1950	Strönd	Skriða	Húsasaga og J.S.	S
Strandarv. 26–28	1930	Strönd, sjóhús	Innlímað í Strandarsíld	Húsasaga og I.H.S.	S
Strandarvegur	1885~1940		Brann	Fast.mat '18 og I.H.S.	
Strandarvegur 29	1929	Ströndin HF	Innlímað í Strandarsíld	Fast.mat '70 og I.H.S	Þar sem Strandarsíld er í dag var söltunarstöðin Strönd. Samkvæmt fast.mati '70 var hún byggð á árunum '29–'35 og byggingarár verbúðar á sama stað er '33-'66.
Strandarvegur 35	1881	Imslandshús		Húsasaga	S
	<1881~1932	Strýla	?	Húsasaga og S.M.	
Suðurgata 6	1938–1983	Þórsmörk	Rifið	Húsasaga	Húsið var byggt '27 sunnan Fjarðarár.
	<1907–1914	Fornistekkur/ Fornustekkir	Flutt	Húsasaga, Fast.mat '18 og S.M., og V.S.	Á kortinu er bærinn staðsettur af S.M. en aðrar heimildir benda til þess að hann gæti hafa staðið aðeins austar, eða þar sem verksmiðjur Hafsíldar voru. Samkvæmt S.M. var þetta myndarlegur bær með nokkrum úti-húsum. Húsasaga segir að húsið hafi verið flutt árið 1914, en í fasteignamatinu frá 1918 er íbúðarhúsi lýst á svipuðum stað undir heitinu Nýi-Stekkur. V.S. man ekki eftir íbúðarhúsi þarna, en segir að einhver skúr hafi staðið þarna fram undir 1950, og J.S. er sammála því.
Vestdalseyrarv. 1 eða 3	1966~1980	Hafsíldarbraggi - verbúð	Rifið	Fast.mat '70 og G.P.	

Götuheiti og númer	Árabil	Nafn húss/ Áður nefnt	Örlög	Heimild	Athugasemdir
	Sjá athugasemdir	Hundahreinsunarhús	?	Fast.mat '40 og V.S. og J.S.	Þessi skúr var innan og neðan við Fornastekk. Hann kemur fram í fasteignamati frá 1940, en ekki frá 1918 eða 1970 en ekki er sagt til um byggingarárið. Staðkunnugir muna eftir honum. Hann virðist hafa staðið þarna um dálítið skeið, en hlýtur að vera farinn áður en Hafsíld byggðist upp um miðjan 7. áratuginn.
Vestdalseyrarv. 2	1965–1995	Síldarverksmiðja	Snjóflóð	Fast.mat '70 og K.Á.	S
Vesturvegur 5	1896–1949	Miðbær	Rifið	Húsasaga	
Vesturvegur 14	<1878–1962	Bjargholt/ Björgholt	Brennt	Húsasaga	
Vesturvegur 17	1907 1965	Guttakofi/ Árbær, Bakkakot, Teitshús	Rifið	Húsasaga	
Öldugata 4	<1863–1937	Neðri-Tangi	Rifið	Húsasaga og fast.mat '40	
Öldugata 10	ca. 1897–1937	Oddi	Rifið	Húsasaga	
Öldugata 16	ca. 1856	Meyjarskemman, Neðribúðin/ Mörbúðin, Gráa pakkhúsið, bíóhúsið		Húsasaga	Húsið var upphaflega byggt sem pakkhús og tilheyrði Thostrupsverslun eða Neðribúð eins og hún var kölluð í daglegu tali. Fyrirtækinu tilheyrði einnig mörbúð, fiskhús og nýja Glasgow. Búðin brann 1931 en pakkhúsið slapp alveg.

BYGGINGARÁRAKORT

(Kortin eru minnkuð úr A3 í A4)

SKÝRINGAR VIÐ BYGGINGARÁRAKORT

Þetta kort sýnir á hvaða árabili hús hafa staðið og hvar þau standa eða stóðu. Ártölin segja til um hvaða ár fyrst var byggt á viðkomandi stað, og hvenær þau hurfu af sjónarsviðinu ef þau eru farin. Einnig sést á kortinu hvort húsin hafa fyrst og fremst verið notuð til íbúðar, til atvinnustarfsemi eða sem geymsla eða útihús.

<1899 Byggingarár hússins er óþekkt, en húsið var komið árið 1899.

1875~1945 Húsið var byggt 1875 og hvarf einhvern tímann í kringum 1945.

ca. 01-'41, '82 Þarna stóð hús byggt um 1901 sem hvarf um 1941 en húsið sem stendur í dag er frá árinu 1982

□ Staðsetning hússins er ekki mæld eftir korti heldur áætluð á grundvelli heimilda eða heimildarmanna.

* Snjóflóð eða skriða hefur fallið á húsið. Nánar útskýrt í snjóflóða- og skriðulista.

☒ Staðsetning húsa sem lentu í snjóflóðinu 1885. Kortið nær ekki yfir öll húsin, en þau má sjá á snjóflóða- og heimildakorti af Bjólfi, sem unnið var af Kristjáni Ágústssyni 1988

Aðalnotkun húsa:


■ Íbúðarhús. Á við öll hús þar sem búið er í hluta af eða öllu húsinu.

■ Atvinnuhúsnaði


■ Geymsla eða útihús




SEYÐISFJÖRDUR 1:5000
BYGGINGARÁR HÚSA, KORT 1
VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1997, H. G.



SEYDISFJÖRDUR 1:2500
BYGGINGARÁR HÚSA, KORT 2
VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1997, H.G.



SEYÐISFJÖRÐUR 1:2500
BYGGINGARAR HÚSA, KORT 3
VEDURSTOFA ÍSLANDS 1997, H.G.




SEYÐISFJÖRÐUR 1:2500
BYGGINGARÁR HÚSA, KORT 4
VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1997, H.G.



SEYÐISFJÖRÐUR 1:2500
BYGGINGARÁR MÚSA, KORT 5
VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1997, H.G.



JÉYÐISFJÖRÐUR 1:2500
 BYGGINGARÁR HÚSA, KORT 6
 VEDURSTOFA ÍSLANDS 1997, H.G.




SEYÐISFJÖRÐUR

BYGGINEARTÍMABIL EINSTAKRA SVEDA


VANND AF HÖRPU ERÍMSDÓTTUR, JÚNÍ 1997

NÖFN BYGGINGA


(Kortin eru minnkuð úr A3 í A4)



SEYÐISFJÖRÐUR 1:5000
NÖFN BYGGINGA, KORT 1
VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1997, H.G.



SEYÐISFJÖRÐUR 1:2500
NÖFN BYGGINGA, KORT 2
VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1997, H.G.



SEYÐISFJÖRÐUR 1:2500
NÖFN BYGGINGA, KORT 3
VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1997, H.G.

BALDSTÆÐI

KIRKJA

LANDSBANKI

SÝSLUSKRIFSTOFA

HÓTEL SNÆFELL

STÁL

SEYÐISFJÖRÐUR 1:2500

NÖFN BYGGINGA, KORT 3

VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1997, H.G.

GRUNNSKÓLI


HERÐUBREIÐ
FÉLAGSHEIMILI

GRUNNSKÓLI


DRATTAHLÍÐ, KJÖRBUÐ

ESSO


POSTHÚSIÐ




SEYÐISFJÖRÐUR 1:2500
NÖFN BYGGINGA, KORT 4
VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1997, H.G.



SEYÐISFJÖRÐUR 1:2500
NÖFN BYGGINGA, KORT 5
VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1997, H.G.



SEYÐISFJÖRÐUR 1:2500
NÖFN BYGGINGA, KORT 6
VEÐURSTÖFA ÍSLANDS 1997, H.G.



KORT 1

KORT 2

KORT 3

KORT 4


KORT 5

KORT 6

SKIPTING KORTBLADA

HORFIN HÚS


(Kortin eru minnkuð úr A3 í A4)



HABITÁKUR 65
65-95* MÍJÓLSKEMMA VEITDALIMÍJÓLS

507-14* FORNISTEKKUR
(líshver geymsla fram
undir 1950)


SEYÐISFJÖRDUR 1:5000
HORFIN HÚS, KORT 1
VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1997, H.G.




SEYÐISFJÖRÐUR 1:2500
 HORFIN HÚS, KORT 3
 VEDURSTOFA ÍSLANDS 1997, H.G.



SEYÐISFJÖRÐUR 1:2500
HORFIN HÚS, KORT 4
VÉÐURSTOFA ÍSLANDS 1997, H.G.



SEYÐISFJÖRÐUR 1:2500
 HORFIN HÚS, KORT 5
 VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1997, H.G.



SEYÐISFJÖRÐUR 1:2500
 HORFIN HÚS, KORT 6
 VEÐURSTOFA ÍSLANDS 1997, H.G.